

Sláturfélag Suðurlands svf  
Fosshálsi 1  
110 Reykjavík

Reykjavík, 22.11.2024  
UST202402-133/K.K.  
08.14.02

## **Efni: Reglubundið eftirlit þann 4. Október 2024 - Sláturfélag Suðurlands, Selfossi**

Þann 4. Október 2024 fór fram reglubundið eftirlit í Sláturfélag Suðurlands á Selfossi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

### **Fjórar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:**

1. Framkvæma þarf mælingar á saurgerlum í fráveitunni við þrif á kindastíu til að staðfesta að þær úrbætur sem farið hefur verið í til að draga úr saurmengun séu nægjanlegar.
2. Mikilvægt er að fara yfir kælikerfin með tilliti til þess hvort þau sæti áfyllingarbanni og gera áætlun um endurnýjun þeirra kerfa.
3. Rekstraraðila er bent á að skoða losun á blóði í skólpi en það samræmist ekki matvælalöggjöfni.
4. Mikilvægt er að uppfæra viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar og bæta innþeim áhættuþáttum sem til staðar er í rekstrinum.

### **Fjögur frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 2.3 í starfsleyfi. Iðnaðarskólpi skal forhreinsað áður en það berst í fráveitukerfi eða viðtaka. Engar mælingar hafa verið gerðar á magni lífræns efnis fyrir og eftir fastefna- og fituskiljuna til að staðfesta hreinsigetuna.
2. Gr. 41 í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Öruggar mengunarvarnir skulu tryggðar við rekstur neyslugeyma. Afgreiðslubýssa á eldsneytisgeymi við brennsluofninn lekur og mengunarvarnir því ekki tryggðar.
3. Gr. 50 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Allir olíugeymar skulu staðsettir eða varðir þannig að þeir verði ekki fyrir hnjaski frá farartækjum. Úrgangsolútankur var í eftirlitinu án árekstrarvarna. Að eftirlitinu loknu var komið fyrir árekstrarvörnum. **Fráviki lokað.**

4. Gr. 8.1 í reglugerð 806/1999 um spilliefni. Umbúðir spilliefna skal merkja á viðeigandi hátt. Eingöngu skal nota traustar umbúðir sem henta viðkomandi efnum. Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnakarið var óvarið fyrir veðri og vindum. Að eftirlitinu loknu var loki komið fyrir á spilliefnakarinu.  
**Fráviki lokað.**

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 16. Desember 2024.**

Virðingarfyllst

Kristín Kröyer  
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur